



# Öndunarfærasýkingar


## Vika 5

30. janúar – 5. febrúar 2023

Embætti landlæknis  
Sóttvarnalæknir


## Inflúensa

Talsvert færri greindust með staðfesta inflúensu í viku 5 samanborið við fyrri vikur ársins og var fjöldinn á pari við fjölda greindra tilfella í þessari viku undanfarin ár (Mynd 1).




**Mynd 1.** Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum í vetur samanborið við meðaltal síðustu fimm flensutímabila (frá hausti 2016). Athuga skal að veturinn 2020–2021 er ekki inni í meðaltali en þá greindist ekkert tilfelli af inflúensu.

Í heildina greindust 24 með staðfesta inflúensu í viku 5, þar af 19 með inflúensustofn B, fjórir með inflúensustofn A(H1) pdm09 og einn með stofn A(H3) (Mynd 2).




Mynd 2. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum og stofnum á núverandi flensútímabili.

Áfram greinast hlutfallslega flestir í aldurshópunum 0–4 ára og 65 ára og eldri, líkt og undanfarin inflúensútímabil (Mynd 3).



Mynd 3. Tíðni staðfestar inflúensu eftir aldri. Veturinn 2022–2023 til og með 7. febrúar 2023.


Klínískum greiningum á inflúensulíkum einkennum fjölgaði aðeins á milli vikna (Mynd 4).



Mynd 4. Vikulegur fjöldi með inflúensulík einkennum samanborið við meðalfjölda flensutímabila 2015–2022.

## COVID-19 (SARS-CoV-2 veira)


Í fimmtu viku ársins greindust 119 með COVID-19, aðeins fleiri en í viku 4. Fleiri sýni voru þó tekin í viku 5 samanborið við vikur 3 og 4 og lækkaði hlutfall jákvæðra sýna frá viku 4, úr 32% í 26% (Mynd 5).



Mynd 5. Fjöldi COVID-19 greininga og hlutfall jákvæðra af heildarfjölda sýna veturinn 2022–2023.


## Skarlatssótt og hálsbólga

Áfram greinast óvenjumargir með **skarlatssótt**, en fjöldi greininga í viku 5 var 54, sem er svipað og í vikunni á undan (Mynd 6).



Mynd 6. Vikulegar greiningar á skarlatssótt í ár og í fyrra samanborið við meðalfjölda greininga árin 2017–2021.

Fjöldi greininga með hálsbólgu er einnig enn óvenjumikill miðað við fyrri ár, en svipaður fjöldi greindist í viku 5 og í vikunni á undan (Mynd 7).




Mynd 7. Vikulegar greiningar á hálsbólgu í ár og í fyrra samanborið við meðalfjölda greininga árin 2017–2021.

## RS og aðrar öndunarfærasýkingar

Í fimmtu viku ársins greindust 19 með RS veiru (RSV), talsvert færri en í viku 4. Þar af voru fimm börn undir eins árs aldri. Af öðrum öndunarfæra veirum greindist mest af Rhinoveiru, eða 28 tilfelli, aðeins færri en í viku 4. Fjöldi Metapneumóveiru (hMPV) greininga var 15, sem er sambærilegt því sem greindist í viku 4. Frekari upplýsingar má nálgast á [vef sýkla- og veirufræðideildar Landspítala](#).

## Innlagnir á Landspítala


Í fimmtu viku ársins lögðust 20 manns inn á Landspítala með eða vegna COVID-19 sem er aukning um 6 frá vikunni þar á undan. Einungis tveir lögðust inn vegna inflúensu og fimm vegna RSV, í báðum tilvikum færri en í vikunni á undan (Mynd 8).



Mynd 8. Vikulegur fjöldi innlagna á Landspítala veturinn 2022–2023 vegna COVID-19, inflúensu og RSV.

Alls liggja nú fimm manns á Landspítala með eða vegna COVID-19 og er einn þeirra í öndunarvél á gjörgæslu.

Sem fyrr eru innlagnir vegna COVID-19 og inflúensu algengastar meðal fólks 65 ára og eldra á meðan innlagnir vegna RSV eru algengastar meðal 0–2 ára barna (Mynd 9).



Mynd 9. Uppsafnaður fjöldi innlagna á Landspítala veturinn 2022–2023 vegna COVID-19, inflúensu og RSV eftir aldri.

## Samantekt

Tilfellum af staðfestri inflúensu fer fækkandi en greiningar af týpu B eru í miklum meirihluta. Klínískum greiningum á inflúensulíkum einkennum fjölgaði lítillega á milli vikna. COVID-19 greiningum fer fjölgandi miðað við síðustu tvær vikur og var yfir fjórðungur sýna jákvæður í undangenginni viku. Áfram greinast óvenjumörg tilfelli af skarlatssótt og hálsbólgu. Talsvert færri greindust með RSV í viku 5 samanborið við vikurnar á undan. Innlögnum með eða vegna COVID-19 fer fjölgandi en fáir lögðust inn vegna inflúensu og RSV í undangenginni viku.

## Sóttvarnir

Full ástæða er til að sinna sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og að smita aðra. Við minnum alla á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningu.
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.
- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna viðeigandi handþvotti.
- Nota grímu við ákveðnar aðstæður eins og á heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum.
- Lofta út.
- Forðast fjölmenni og halda fjarlægð eins og hægt er.

